

**62. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis  
haldinn í Glerárskóla 08.01.2013**

**Mættir:** Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Óskar Ingi Sigurðsson og Helgi Stefánsson.

**Fundarefni.**

**Fundur bæjarfulltrúa í hverfinu.**

Næstkomandi fimmtudag 10. janúar verða bæjarfulltrúarnir Hlín Bolladóttir L-lista og Sigurður Guðmundsson A-lista með viðtalstíma í Glerárskóla. Nefndarmenn ákváðu að mæta og ræða málin.

**Aðalfundur.**

Rætt var um skipulagningu aðalfundar í mars/apríl og ákveðið að taka endanlega ákvörðun um dagsetningu á næsta fundi. Þá verður einnig sett niður málefni sem rædd verða.

**Ýmis málefni.**

Ræddu nefndarmenn ýmis málefni undir þessum lið eins og endurnýjun á hverfisíbúum í nefndinni, skilti á hús í hverfinu, úrlausnir á ýmsum atriðum í hverfinu sem nefndin hefur bent á í gegnum tíðina, hálkuvarnir í hverfinu og fleira sem þeir ætla einnig að taka upp við bæjarfulltrúana á fimmtudaginn.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 5. febrúar 2013 kl. 18:00 í Glerárskóla.  
Ritað 08. janúar 2013  
Brynja